



---

# Fundargerð stjórnar HSÍ

Miðvikudaginn 5. desember 2018



## **Sjöundi fundur 61. stjórnar HSÍ var haldinn í fundarsal HSÍ, Íþróttamiðstöðinni Laugardal, miðvikudaginn 5. desember 2018 kl.12.00**

Mættir voru: Arnar Þorkelsson, Davíð B. Gíslason, Guðmundur B. Ólafsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Hjördís Guðmundsdóttir, Inga Lilja Lárusdóttir, Magnús Karl Daníelsson, Reynir Stefánsson, Þorbergur Aðalsteinsson og Þorgeir Haraldsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Hjalti Þór Hreinsson

Fjarverandi: Enginn

### **Þetta gerðist:**

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar  
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. 10 mánaða uppgjör  
AÞ fór yfir 10 mánaða uppgjör sem lagt var fyrir stjórn.
3. Skýrsla framkvæmdastjóra
  - a. Staða styrktaraðila  
RG fór yfir stöðu styrktaraðila. Það gengur ágætlega að endurnýja samninga og fá inn nýja en betur má en duga skal.
  - b. A landslið kvenna  
RG og DBG fóru yfir ferð kvennalandsliðsins til Makedónía. Kvennalandsliðið tryggði sér sæti í undankeppni HM sem fer fram næsta vor.
  - c. A landslið karla  
RG fór fyrir verkefnin framundan hjá karlalandsliðinu.
  - d. Formannafundur  
Það þarf að halda formannafund um miðjan desember. Það þarf að samþykkja þar afreksstefnu HSÍ. Þá munu RG og AÞ leggja fram áætlun að beiðni félaganna um umfang dómaragreiðslna. Einnig verður rætt þar lokahóf HSÍ.
4. Stöðuskýrslur nefnda  
ÞA fór yfir landsliðsnefnd karla og þau verkefni sem nefndin hefur unnið af. RS fór yfir verkefni dómaranefndar í vetur og sér í lagi hljóðnema á dómurum og VAR. Almenn ánægja er með hvernig til hefur tekist. GG fór aðeins yfir starfs landsliðsnefndar kvenna og þá vinnu sem hefur átt sér stað innan nefndarinnar. ÞH fór yfir störf fræðslunefndar og stöðuna á Mastercoach. HG ræddi það að það vantar skilgreiningu á markaðsnefndinni og er með vinnu í gangi varðandi nefndina. MKD fór yfir störf deildarnefndarinnar.
5. Handknattleiksmaður og kona ársins  
Tilnefningum þarf að skila fyrir 19.des. RG sendir tillögur á stjórn
6. Breyting á reglugerð um handknattleiksmót  
Breytingin var samþykkt samhljóða

Næsti fundur stjórnar HSÍ er mánudaginn 7. janúar kl.12.00.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.



Róbert Geir Gíslason, fundarritari